



Ávarp
Höllu Tómasdóttur
forseta Íslands
á nýsveinahátíð IMFR
7. febrúar 2026

Kæru nýsveinar, fjölskyldur ykkar og vinir, meistarar, kennarar og aðrir góðir gestir.

Innilega til hamingju með daginn. Í dag fögnum við mikilvægum áfanga. Þið hafið lokið námi sem krefst ekki aðeins þekkingar heldur einnig þrautseigju, ábyrgðar og raunverulegrar færni. Með sveinspróf í höndunum tilheyrði þið nú hópi fagfólks sem gegnir lykilhlutverki í íslensku samfélagi.

Iðn- og verkmenntun er ein af burðarstöðum í atvinnulífi þjóðarinnar. Iðnarmenn og -konur hafa mótað landið, byggt heimili, kveikt ljósin í myrkri vetrarins og tryggt að hlutirnir virki, oft án þess að við tökum sérstaklega eftir því. En einmitt þá er vert að muna að þeir virka því að viðvik eða verkefni hefur verið vel af hendi leyst.

Við lifum á tímum hraðra tæknibreytinga. Gervigreind er orðin hluti af daglegu lífi og mun án efa breyta mörgum störfum. Sum þeirra verða einfaldari, önnur hverfa og ný verða til. Þessi þróun getur vakið nýjar spurningar og jafnvel vangaveltur um eðli sjálfrar vinnunnar.

En það er mikilvægt að muna að þótt gervigreind sé fær um margt þá getur hún ekki allt. Hún getur ekki brett upp ermar og mætt á svæðið, metið aðstæður

með eigin augum eða brugðist við óvæntum vandamálum. Og það er henni líklega ofviða að „kippa einhverju í liðinn“ þegar allt er í hnút og þörf er á reynslu, skynsemi og góðum skammti af íslenskri útsjónarsemi. Gervigreindin getur heldur ekki lofað að „fínpússa þetta í fyrramálið“ og staðið við það. Hæfni ykkar er því ekki aðeins gagnleg — hún er framtíðarhæfni. Hún byggir á mannlegri þekkingu, lipurð, ábyrgð og fagmennsku sem verða sífellt verðmætari í heimi sjálfvirkni og skjágláps.

En þessi dagur snýst ekki bara um vinnumarkaðinn eða tæknina. Hann snýst um fólk, um ykkur. Ungt fólk þarf ekki einungis atvinnu til að hafa í sig og á, heldur þarfnast það tilgangs sem gefur lífinu gildi. Ungt fólk þarf að finna sér farveg þar sem hæfileikar þess nýtast, áskoranir sem hvetja það til dáða og starfsvettvang þar sem framlag hvers og eins skiptir máli. Iðn- og verkmenntun getur opnað ungu fólki fjölmargar dyr í þessu tilliti. Afrakstur vinnunnar er undantekningarlítið áþreifanlegur og það er ómetanlegt að skynja í lok vinnudags að maður hafi skapað eitthvað sem nýtist öðrum í daglegu lífi.

Íslenskt samfélag þarf á fjölbreyttum hæfileikum að halda. Við höfum þörf fyrir kennara, heilbrigðisstarfsfólk, bændur, sérfræðinga, sjómenn, listafólk, skipuleggjendur og verslunarmenn. En við þurfum líka nauðsynlega á ykkur að halda, fagfólki sem setur saman hluti og sér til þess að þeir virki, fólki sem klórar sér í kollinum af yfirvegum og segir kannski: „Þetta er svolítið snúið en við björgum því. Þetta reddast.“

Kæru nýsveinar.

Á þessum degi eigið þið skilið að finna fyrir þakklæti og virðingu. Þið hafið lagt mikið á ykkur, lært af mistökum, tileinkað ykkur fagmennsku og eftt eigið sjálfstraust. Þetta er veganesti sem mun nýtast ykkur alla ævi, bæði í starfi og utan þess. Ég hvet ykkur til að vera stolt af því sem þið kunnið og getið, og að halda

áfram að læra. Takið nýrri tækni fagnandi án þess þó að gleyma því sem skiptir mestu máli. Höfuðstóll ykkar felst í vönduðum vinnubrögðum, heiðarleika og ábyrgð.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldum, kennurum og meisturum sem hafa staðið með ykkur á þessari vegferð. Enginn nær einn þeim árangri sem við fögnum hér í dag. Til hamingju með áfangann, megi ykkur ganga allt að sólu í framtíðinni.